

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Að aflokinni umfjöllun menntamálanefndar um fjárlagafrumvarpið liggur fyrir að minni hlutinn tekur undir öll atriðin sem fjallað er um í álitinu meiri hlutans og stendur að tillögunni um skiptingu safnliða en telur eigi að síður mikilvægt að gera nokkra grein fyrir afstöðu sinni til þeirrar heildarstefnu sem birtist í frumvarpinu.

Tími nefndarinnar fór að mestu í umfjöllun um skiptingu safnliðanna svo naumur tími var aflögu til að fjalla um frumvarpið að öðru leyti. Rík ástæða hefði verið til að fjalla sérstaklega um þætti er varða fjárveitingar til símenntunar og fullorðinsfræðslu, til fatlaðra nemenda á efri skólastigum, listnám á framhaldsskólastigi og þeirra framhaldsskólanema sem hafa greiningu upp úr grunnskóla af einhverjum ástæðum. Þá hefði þurft að ræða stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs betur, sem og stefnumörkun og fjárheimildir varðandi íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þá má nefna að eina menningarstofnunin sem fékk athygli nefndarinnar var Listasafn Íslands. Styður minni hlutinn heils hugar tillögur meiri hlutans varðandi aukið fjármagn til ákveðinna þátta safnsins og vonar að fjárlaganefnd sinni þeim óskum. Það hefði hins vegar verið fullt tilefni til þess að fleiri sambærilegar stofnanir fengju viðlíka athygli.

Ástæða hefði verið til að fylgja eftir starfi nefndarinnar frá síðasta ári varðandi Þjóðleikhúsið, en ekki hefur unnist tími til að fara yfir þarfagreiningu sem nefndinni er kunnugt um að hefur legið fyrir um skeið varðandi áætlanir um áframhaldandi endurbætur og mögulegar viðbyggingar við húsið. Þá gerir minni hlutinn athugasemd við lækkun framlaga til nokkurra mikilvægra safna eins og Listasafns ASÍ, Nýlistasafnsins og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Sá siður færir í vöxt að stjórnvöld geri samninga við ýmsa aðila um aðskiljanlegustu verkefni, jafnvel þau sem bundin eru í lög og reglugerðir. Umboðsmaður Alþingis bendir á þessa staðreynd í nýútkominni skýrslu sinni fyrir árið 2006 og telur að í þessum efnun ráði för vilji fólks til að fylgja aðferðum viðskiptalífsins og einkamarkaðarins. Slík breytni kunnir að orka tvímælis í ákveðnum tilfellum, sérstaklega ef það gleymist að verkefni hins opinbera hvíla almennt á öðrum réttargrundvelli en einkarekstur. Fjöldi samninga af þessu tagi hefur verið gerður af menntamálaráðuneytinu á síðustu missirum, jafnt um skólamál sem menningarmál. Hefði verið full þörf fyrir menntamálanefnd að fjalla sérstaklega um þá samningagerð alla.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram rík tilhneiging til að gera betur við einkarekna skóla en þá sem reknir eru að öllu leyti af hinu opinbera. Sem dæmi um þetta má nefna að Háskóli Íslands fær einungis 3% hækkun vegna fjölgunar ársnema og Kennaraháskóli Íslands 3,2% miðað við síðasta ár, þegar Háskólinn í Reykjavík fær 5,8% hækkun vegna fjölgunar ársnema og Háskólinn á Bifröst 6,3% hækkun. Sömu tilhneigingu má sjá í kaflanum um framhaldsskóla. Stjórnvöld beina m.ö.o. nemendum í auknum mæli í skóla sem innheimta skólagjöld. Þetta samrýmist ekki stefnu minni hlutans um jafnrétti til náms. Minni hlutinn er sammála um að stefna beri að því að framhaldsskólinn verði án

gjaldtöku, þ.m.t. námsgögn framhaldsskólanema, en slíka stefnu er ekki að finna í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Þó að ákveðnar úrbætur hafi verið gerðar á fjárframlögum til Háskóla Íslands á árinu með nýjum samningi við skólann, þá nægir það hvergi nærri til að gera honum kleift að rækja hlutverk sitt af þeirri reisn sem hann gæti, ef stefnumörkun stjórnvalda varðandi fjárframlög til skólans væri með eðlilegum hætti. Fyrirsjáanlega þarf Háskóli Íslands að takmarka fjölda nemenda við skólann umtalsvert á næstu árum, ef nemendafjöldgun verður ekki bætt með auknum framlögum og er óvíst á hvaða forsendum slíkar takmarkanir verða byggðar. Hingað til hefur Háskóli Íslands skilgreint sig sem þjóðskóla þar sem allir með tilskilin próf hafa átt aðgang að en á næsta ári gerir Háskóli Íslands ráð fyrir að framlög vanti fyrir 435 nemendaigildi. Slíkt er óásættanlegt að mati minni hlutans.

Telja verður jákvætt að Háskólinn á Akureyri skuli fá 6,3% hækkun vegna fjölgunar ársnema. Minni hlutinn hvetur til þess að fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga 2008 verði lokið gerð samnings við skólann um kennslu og rannsóknir til næstu fjögurra ára, og jafnframt að skuldastaða skólans verði leiðrétt. Menntamálayfirvöld verða að klára þá vinnu sem hafin var á síðasta ári, þ.e. að tryggja fjárhagslegan grunn Menntaskólans á Akureyri. Slíkt verður aðeins gert með því að aflétta þeim 360 millj. kr. skuldahala sem enn hangir yfir skólanum.

Framhaldsskólarnir þurfa að þola raunlækkun milli ára verði ekki breyting á fjárveitingum í meðförum fjárlaganefndar. Þetta gengur gegn öllum fyrirheitum stjórnvalda um úrbætur og um öflugan framhaldsskóla fyrir alla. Í mörg ár hefur framhaldsskólastigið verið rekið með halla þegar á heildina er litið. Það var ekki fyrr en árið 2006 sem skólunum var gert kleift að ná jákvæðri heildarútkomu. Með fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi er þeim árangri stefnt í voða. Enn er ástæða til að hvetja til þess að reiknilíkani framhaldsskólanna sé breytt á þann veg að það reikni út kostnað við rekstur skólanna, en sé ekki einungis tæki til að deila út of litlum fjármunum. Miklu skiptir að skólum verði gert fjárhagslega kleift að bjóða upp á fjölbreytta menntun og sinna ólíkum nemendum með ólíkar þarfir.

Það er mat minni hlutans að menntakerfið sé ein mikilvægasta stoðin undir velferð samfélagsins og að menntun fyrir alla eigi að vera ófrávíkjanleg krafa í stjórn mállum 21. aldarinnar. Til að sú verði raunin þarf að endurskoða fjárframlög til einstakra málaflokka og það er mat minni hlutans að mennta- og menningarmálin eigi að vera ofar í forgangsröðinni en nú er.

Alþingi, 20. nóv. 2007

Kolbrún Halldórsdóttir,  
Katrín Jakobsdóttir,  
Höskuldur Þórhallsson.